


# SÓKNARÁÆTLUN VESTFJARÐA

2020-2024





### Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024

Unnið af Vestfjarðastofu  
fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga  
Nóvember 2019

Útgáfa 1.0

**Ábyrgðarmaður:** Sigríður Ólóf Kristjánsdóttir,  
framkvæmdastjóri

**Ráðgjöf:** Capacent

**Grafísk hönnun:** Pixel ehf.

**Myndir:** Rán Flygering

## INNGANGUR

Sóknaráætlun Vestfjarða 2020-2024 er stefnumótandi sértæk byggðaáætlun fyrir Vestfirði sem felur í sér stöðumat, framtíðarsýn, markmið og aðgerðir. Í henni er falin sýn íbúa svæðisins á það hvernig Vestfirðir eigi að þróast næstu ár.

Vestfjarðastofa annast gerð nýrrar Sóknaráætlunar fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga. Á fundi stjórnar vorið 2019 var samþykkt að ráða Capacent til að annast umsjón með stórfundi og ráðgjöf á meðan á vinnu við gerð Sóknaráætlunar stæði.

Sóknaráætlun Vestfjarða er unnin í viðtæku samráði við íbúa. Sérstök gátt var opin á meðan á vinnuferlinu stóð þar sem hægt var að senda inn tillögur og ábendingar. Fundir voru haldnir víða á Vestfjörðum og hófst ferlið með stórfundi í Bolungarvík 29. maí 2019.

Niðurstöður fundanna voru dregnar saman og lagðar fyrir Samráðsvettvang Sóknaráætlunar, sem skipaður er 45 einstaklingum víðsvegar að af Vestfjörðum. Samtals má gera ráð fyrir að vel á þriðja hundrað manns hafi komið að ferlinu við gerð áætlunarinnar.


Að lokum voru drög Sóknaráætlunar Vestfjarða 2020-2024 settar í opið umsagnarferli í Samráðsgátt og gafst öllum sem vildu færi á að koma með ábendingar og tillögur. Sóknaráætlun Vestfjarða var kynnt á Haustþingi Fjórðungssambands Vestfirðinga sem haldið var í október 2019.

Auk viðtæks samráðs er horft til aðalskipulaga sveitarfélaga á Vestfjörðum, gildandi byggðaáætlunar og nýrrar sviðsmyndagreiningar fyrir Vestfirði sem unnin var vorið 2019. Gögn eru fengin úr íbúakönnun, fyrirtækjakönnun, frá Hagstofunni og úr stöðugreiningu Byggðastofnunar.

Ákveðið var að vinna út frá fjórum málaflokkum, atvinna og nýsköpun, samfélagi, umhverfi og skipulag og menningu. Í hverjum flokki eru greindir styrkleikar, veikleikar, ógnanir og tækifæri, áherslur og mælanleg markmið sem eru með myndrænum hætti tengd heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og forgangsmarkmið ríkisstjórnarinnar.

Áhersluverkefni og verkefni studd af Uppbyggingarsjóði verða valin með tilliti til þeirra áherslna og mælanlegu markmiða sett eru fram í Sóknaráætlun.





## HEIMILDIR OG GÖGN

- Krossgötur – Sviðsmyndagreining Vestfjarða
- Vestfirðir – Stöðugreining Byggðastofnunar
- Byggðaáætlun
- Aðalskipulög sveitarfélaga á Vestfjörðum
- Íbúakönnun landshlutanna
- Fyrirtækjakönnun landshlutanna
- Áfangastaðaáætlun Vestfjarða

## FERLI ENDURSKOÐUNAR

Vestfjarðastofa annast gerð nýrrar Sóknaráætlunar í umboði Fjórðungssambands Vestfirðinga. Stýrihópur hefur yfirumsjón með framgangi verkefnisins og var ráðgefandi í stefnumótun.

Sjö manna stýrihópur:

- Tveir fulltrúar úr samráðsvettvangi
- Tveir úr stjórn FV
- Tveir starfsmenn Vestfjarðastofu
- Einn ráðgjafi frá Capacent

Fundir og samráð

- Stórfundur í Bolungarvík 29. maí 2019
- Opnir vinnufundir á Patreksfirði og Hólmavík
- Fundir með ungmennum (16-25 ára ) á Ísafirði, Flateyri, Patreksfirði og Hólmavík
- Fundur samráðsvettvangs Sóknaráætlunar
- Fundir stýrihóps við gerð nýrrar Sóknaráætlunar Vestfjarða
- Óskað eftir umsögnum í samráðsgátt

## SKÖRUN ATVINNU- OG ÞJÓNUSTUSÓKNARSVÆÐA

**Vestfirðir** - Vesturland skörun á atvinnu- og þjónustu-sóknarsvæðum.

Sameiginlegt svæðisskipulag Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar 2018-2030 var unnið til að stilla betur saman strengi og virkja samtakamátt

sveitarfélaganna. Í því er mörkuð stefna sem tekið er tillit til í Sóknaráætlun Vestfjarða 2020 -2024.

Þegar er hafin vinna við eitt samstarfsverkefni á þessum grunni - Hringveg 2.



## SAMSKIPTA- OG KYNNINGARÁÆTLUN

Mikilvægt er að auka vitund íbúa um tilurð Sóknaráætlunar og þau tækifæri sem í henni liggja til eflingar landshlutans. Líkur á árangri Sóknaráætlunar aukast með þátttöku íbúa, atvinnulífs og kjörinna fulltrúa. Til þess eru ýmsar leiðir færar og verða hér á eftir taldar upp nokkrar þeirra sem notaðar verða við kynningu á Sóknaráætlun Vestfjarða.

## SAMSKIPTAÁÆTLUN

### Samskiptaleiðir


- Fundir og ráðstefnur
- Auglýsingar
- Samfélagsmiðlar
- Heimasíða Vestfjarðastofu
- Póstlistaútsendingar
- Greinaskrif og umfjallanir í fjölmiðlum

| Leið  | Aðgerð   | Ársfjórðungur |    |    |    | Markhópur |    |    |    |
|---|--|---------------|----|----|----|-----------|----|----|----|
|   |  | F1            | F2 | F3 | F4 | M1        | M2 | M3 | M4 |
| Fundir og ráðstefnur                                | Kynningarfundir fyrir sveitarstjórnarmenn                  | ■             |    |    |    | ■         |    |    |    |
|   | Kynningarfundir fyrir starfsmenn sveitarfélaga             | ■             |    |    |    | ■         |    |    |    |
|   | Kynningarfundir fyrir fyrirtæki og íbúa                    |               | ■  |    |    |           | ■  | ■  | ■  |
|   | Vinnustofur í tengslum við úthlutun Uppbyggingarsjóðs      |               |    |    | ■  |           | ■  | ■  | ■  |
| Úthlutunarhátíð                                     | ■  |               |    |    | ■  | ■         | ■  | ■  |    |
| Auglýsingar   | Úthlutun – bæklingi dreift í öll hús                       |               |    |    | ■  | ■         | ■  | ■  | ■  |
|   | Úthlutun – auglýsingar í svæðismiðlum                      |               |    |    | ■  | ■         | ■  | ■  | ■  |
|   | Úthlutun – samfélagsmiðlar                                 |               |    |    | ■  | ■         | ■  | ■  | ■  |
|   | Kynningarfundir fyrir íbúa – svæðismiðlar                  | ■             |    |    |    |           | ■  | ■  | ■  |
|   | Kynningarfundir fyrir íbúa – samfélagsmiðlar               | ■             |    |    |    |           | ■  | ■  | ■  |
| Úthlutunarhátíð – samfélagsmiðlar                   | ■  |               |    |    | ■  | ■         | ■  | ■  |    |
| Samfélagsmiðlar                                     | Fréttir af framkvæmd Sóknaráætlunar – 1x í mánuði          | ■             | ■  | ■  | ■  | ■         | ■  | ■  | ■  |
|   | Kynning á verkefnum sem hlotið hafa styrk – 1x í mánuði    | ■             | ■  | ■  | ■  | ■         | ■  | ■  | ■  |
|   | Kallað eftir hugmyndum að áhersluverkefnum                 | ■             | ■  | ■  | ■  | ■         | ■  | ■  | ■  |
|   | Greinum á svæðismiðlum og prentútgáfum deilt               | ■             | ■  | ■  | ■  | ■         | ■  | ■  | ■  |
| Fréttum af áhugav. verkefnum annarra landshl. deilt | ■  | ■             | ■  | ■  | ■  | ■         | ■  | ■  |    |
| Heimasíða   | Fréttir af framkvæmd Sóknaráætlunar – 1x í mánuði          | ■             | ■  | ■  | ■  | ■         | ■  | ■  | ■  |
|   | Kynning á verkefnum sem hlotið hafa styrk – 1x í mánuði    | ■             | ■  | ■  | ■  | ■         | ■  | ■  | ■  |
|   | Kallað eftir hugmyndum að áhersluverkefnum                 | ■             | ■  | ■  | ■  | ■         | ■  | ■  | ■  |
|   | Greinar af svæðismiðlum og prentútgáfum                    | ■             | ■  | ■  | ■  | ■         | ■  | ■  | ■  |
| Póstlistar  | Útsendingar á rafrænan samráðsvettvang – 4x á ári          | ■             | ■  | ■  | ■  | ■         | ■  | ■  | ■  |
|   | Fréttir af Sóknaráætlun sent með fundargögnum <sup>1</sup> | ■             | ■  | ■  | ■  | ■         | ■  | ■  | ■  |
|   | Kallað eftir áhersluverkefnum frá samráðsvettvangi         | ■             | ■  | ■  | ■  | ■         | ■  | ■  | ■  |
| Auglýsingar um úthlutun á póstlista                 | ■  | ■             | ■  | ■  | ■  | ■         | ■  | ■  |    |
| Greinar umfjöllun                                   | Greinar í svæðis- vefmiðla (bb.is, urvor.is) 4x á ári      | ■             | ■  | ■  | ■  | ■         | ■  | ■  | ■  |
|   | Viðtal/umfjöllun í einum landsmiðli – 1x á ári             | ■             | ■  | ■  | ■  | ■         | ■  | ■  | ■  |

### Markhópar

**M1** – Sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga. **M2** – Íbúar Vestfjarða. **M3** – Fyrirtæki á Vestfjörðum. **M4** – Menningarstofnanir á Vestfjörðum.






## HEIMSMARKMIÐ SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

Heimsmarkmiðin eru framkvæmdaáætlun í þágu mannkynsins, jarðarinnar og hagsældar.

Með henni er leitast við að stuðla að friði um gjörvallan heim og þar með auknu frelsi.





## MEGINMARKMIÐ MÁLAFLOKKA



### ATVINNA OG NÝSKÖPUN

Fjölga fyrirtækjum, störfum og vel **menntuðu** starfsfólki og auka þannig **verðmætasköpun** í landshlutanum



### SAMFÉLAG

Hækka menntunarstig með aðgengi að hágæða **menntun**, auka **velferð**, bæta **lýðheilsu** og efla þannig mannauð og atvinnulíf.



### UMHVERFI OG SKIPULAG

Auka **umhverfisvitund** íbúa, sveitarfélaga og fyrirtækja, bæta aðgengi að **sjálfbærum lausnum** og draga úr sóun.



### MENNING

Á Vestfjörðum **blómstri** menning sem er studd af öflugum fyrirtækjum og sveitarfélögum. Þar sé **auðugt** listalíf, viðburðir og framúrskarandi aðstaða til útiveru.





## VESTFIRÐIR – STAÐA 2019

Heildarfjöldi íbúa á Vestfjörðum í upphafi árs 2019 var 7.063 manns.

Árið 1999 var íbúafjöldinn 8.503, þannig að mikil fækkun hefur orðið á þessu tímabili og enn meiri ef litið er lengra aftur í tímann.

Íbúar á Vestfjörðum eru um 2% af mannfjölda landsins árið 2019 en voru um 2,9% landsmanna árið 2000. Ef skoðuð er íbúapróun á Íslandi hefur hlutfallslega mest fækkun verið á Vestfjörðum eða um 42%. Fjöldi innflytjenda á

Vestfjörðum var í upphafi árs 2019 um 1.227 og hefur fjölgað nokkuð síðustu ár en þeir voru 585 árið 2000. Fjölgun innflytjenda hefur verið lyftistöng fyrir atvinnulíf og menningu víða á Vestfjörðum og hafa þar orðið til líflæg fjölmenningsamfélög. Hlutfall erlendra íbúa hefur hækkað mikið á síðustu 10 árum og eru þeir nú um 14% íbúa á Vestfjörðum.



9 sveitarfélög

7.063 íbúar





## STAÐA LANDSHLUTANS

### Helstu styrkleikar

**S**

- Ímynd hreinnar náttúru
- Gjöful fiskimið
- Tækifæri tengd sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda
- Hátt atvinnustig
- Fjölskylduvænt umhverfi

### Helstu veikleikar

**V**

- Einhæft atvinnulíf
- Menntunarstig undir meðaltali
- Veikir innviðir
  - Ófullnægjandi samgöngur
  - Ótryggt rafmagn
  - Ófullnægjandi netsamband

### Helstu ógnanir

**Ó**

- Samfélagsbreytingar fjórðu iðnbyltingarinnar
- Aðgerðarleysi og ákvarðanafælni stjórnvalda
- Hindranir og skilningsleysi opinberra aðila á aðstæðum á svæðinu
- Höfuðborgarmiðuð stefnumótun hins opinbera

### Helstu tækifæri

**T**

- Samfélagsbreytingar fjórðu iðnbyltingarinnar
- Áætluð styrking innviða svo sem samgangna og raforkukerfis
- Uppbygging og nýsköpun innan nýrra staða atvinnulífsins svo sem fiskeldis og ferðapjónustu








## FRAMTÍÐARSÝN

Framtíðarsýn er hnitmiðuð lýsing á því hvernig heimamenn sjá landshlutann fyrir sér árið 2030. Dregin er upp mynd af eftirsóknarverðri stöðu sem ætlunin er að ná og hverju heimamenn óska að hafa áorkað eftir tiltekinn tíma. Sóknaráætlun er einn liður í því að ná þeirri framtíðarsýn sem að er stefnt.

Vestfirðir eru **framúrskarandi svæði** til að búa, starfa, heimsækja og njóta **hreinnar náttúru** og kyrrðar. Þar er öflugt, vaxandi **alþjóðlegt þekkingarsamfélag** sem einkennist af kraftmikilli sköpun, sterkri sjálfsmynd og **umhverfisvitund**. Góðir innviðir, öflug samfélagsleg þjónusta og **fjölbreytt atvinnulíf** sem einkennist af virðingu fyrir umhverfi, samfélagi og auðlindum.






## FORSENDUR

### ÁRANGUR SÓKNARÁÆTLUNAR VESTFJARÐA BYGGIR Á DVÍ:

1. Að Sóknaráætlun Vestfjarða verði samstarfs-  
verkefni sveitarfélaga, íbúa, stofnana og atvinnulífs á  
Vestfjörðum.
2. Að á tímabili þessarar Sóknaráætlunar verði Hringvegur 2  
lagður bundnu slitlagi og fær allt árið.
3. Að lög og reglugerðir um nýtingu auðlinda séu skýr og  
þeim fylgt.
4. Að verkefnum Byggðaáætlunar verði hrint í framkvæmd.
5. Að flutningskerfi raforku á Vestfjörðum  
verði samkeppnishæft við aðra landshluta.
6. Að fjarskiptakerfi á öllum Vestfjörðum verði  
samkeppnishæft við aðra landshluta.
7. Að húsnæðisskortur hamli ekki atvinnuuppbyggingu og ný  
tegund húsnæðislána nýtist á Vestfjörðum.
8. Að áætlunarflug verði skilgreint sem  
almenningsamgöngur og samgöngumiðstöð verði byggð  
upp á höfuðborgarsvæðinu.
9. Að aðgengi að fjölbreyttri heilbrigðisþjónustu verði tryggt.





## STEFNA OG MEGINÁHERSLUR MÁLAFLOKKA

### YTRI ÁHRIFAPÆTTIR

#### LOFTLAGSMÁL





# ATVINNA OG NÝSKÖPUN



## Helstu styrkleikar

S

- Hátt atvinnustig
- Uppbygging í fiskeldi
- Hátt hlutfall tekna af menningu og listum miðað við aðra landshluta
- Hringtengdur ljósleiðari
- Nálægð við fiskimið
- Hugvit
- Drifkraftur

## Helstu veikleikar

V

- Menntunarstig undir meðallagi
- Afhendingaröryggi rafmagns ótryggt
- Raforkuskortur
- Vöntun á starfsfólki með ákveðna menntun eða færni
- Erfiðar samgöngur
- Einhæft atvinnulíf
- Viðkvæmni fyrir sveiflum í náttúrufari
- Hráefni keyrt í burtu, vantar úrvinnslu
- Skortur á íbúðarhúsnæði
- Smæð markaðssvæðis

## Helstu ógnanir

Ó


- Aðgerðarleysi og ákvarðanafælni stjórnvalda
- Hindranir og skilningsleysi opinberra aðila á aðstæðum á svæðinu
- Möguleg nýting auðlinda svæðisins takmörkuð
- Verslunum fækkar

## Helstu tækifæri

T

- Uppbygging í fiskeldi
- Þróun og nýsköpun í hliðargreinum sjávarútvegs og fiskeldi
- Ný störf vegna rannsókna og eftirlits tengt fiskeldi
- Uppbygging Hringvegs 2
- Stækkun markaðssvæðis með stafrænni tækni þar sem verslun og þjónusta færast á netið





## MÆLANLEG MARKMIÐ

Fjölga fyrirtækjum, störfum og vel menntuðu starfsfólki og auka þannig verðmætasköpun í landshlutanum.

1. Að atvinnutekjur íbúa verði jafnar eða hærrí en landsmeðaltal
2. Að fjölga nýskráðum fyrirtækjum um 8%
3. Að afkoma fyrirtækja á Vestfjörðum verði yfir landsmeðaltali



## TEGSL VIÐ FORGANGSMARKMIÐ RÍKISSTJÓRNARINNAR



- 7.1 Eigi síðar en árið 2030 verði nútímaleg og áreiðanleg orkuþjónusta í boði alls staðar í heiminum á viðráðanlegu verði.
- 8.2 Aukinni framleiðni í atvinnulífinu verði náð með fjölbreytni, tækninýjungum og nýsköpun, meðal annars með því að beina athygli að vinnuafsfrekum geirum sem fela í sér mikinn virðisauka.
- 8.5 Eigi síðar en árið 2030 verði full vinna og mannsæmandi störf í boði fyrir allar konur og karla, þar á meðal ungt fólk og fatlað fólk, og sömu laun greidd fyrir jafnverðmæt störf.
- 8.9 Eigi síðar en árið 2030 hafi verið mótuð og innleidd stefna í því skyni að stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu sem skapar störf og leggur áherslu á staðbundna menningu og framleiðsluvörur.
- 9.1 Þróaðir verði traustir innviðir, sjálfbærir og sveigjanlegir, hvort sem er staðbundnir eða yfir landamæri, í því skyni að styðja við efnahagsþróun og velmegun þar sem lögð verði áhersla á jafnt aðgengi á viðráðanlegu verði fyrir alla.
- 9.5 Vísindarannsóknir verði efldar og tæknigeta atvinnugreina í öllum löndum endurbætt, þar á meðal í þróunarlöndum. Eigi síðar en árið 2030 verði ýtt undir nýsköpun og fjölgað störfum við rannsóknir og þróun fyrir hverja milljón íbúa, auk þess sem útgjöld til rannsókna og þróunar hins opinbera og einkageirans verði aukin.

## ÁHERSLUR

1. Við viljum fjölga samfélags- og nýsköpunarmiðstöðvum.
2. Við viljum ráðast í átak í vöruþróun í starfandi fyrirtækjum.
3. Við viljum auka hagnýtingu á stafrænni tækni í öllum atvinnugreinum.
4. Við viljum efla vöru- og tækniþróun með áherslu á að auka virði afurða.
5. Við viljum auka framleiðni og vöxt fyrirtækja.
6. Við viljum fylgja eftir markmiðum og aðgerðum Áfangastaðaáætlunar Vestfjarða.
7. Við viljum leggja áherslu á að innleiða hönnun í framleiðslu fyrirtækja.
8. Við viljum virkja sjávarútvegs- og fiskeldisklasa.
9. Við viljum efla nýsköpun á Vestfjörðum.
10. Við viljum að Vestfirðir séu samkeppnishæfir hvað varðar fjarskipti.
11. Við viljum að afhendingaröryggi rafmagns aukist.
12. Við viljum fjölga hátæknifyrirtækjum.
13. Við viljum auka fjölbreytileika starfa.





# SAMFÉLAG



## Helstu styrkleikar

**S**

- Vel heppnuð uppbygging Háskólaseturs og Lýðskólans á Flateyri
- Færni ungmenna í fjarnámi
- Fjölbreytt námsframboð í MÍ
- Starfrækt útibú FSN á Patreksfirði
- Góður grunnur verknáms í MÍ
- Fræðslumiðstöð Vestfjarða með starfsstöðvar á þremur stöðum

## Helstu veikleikar

**V**

- Menntunarstig undir meðallagi
- Skortur á menntunarframboði í heimabyggð
- Takmarkaðir þróunarmöguleikar Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða m.a vegna vanfjármögnunar
- Skortur á framhaldsnámi á Ströndum og Reykhólum
- Framhaldsstig verknáms ekki í boði
- Verknám ekki í boði á s-Vestfjörðum Reykhólum og Ströndum

## Helstu ógnanir

**Ó**

- Kröfur um hópastærðir standa námsframboði fyrir þrífum bæði á framhaldsstigi og símenntun
- Fólksfækkun - óhagstæð aldursamsetning
- Takmarkað fjármagn til stuðnings við fjarnámsnema
- Takmarkað aðgengi að fjölbreyttri heilbrigðisþjónustu
- Aðhaldskrafa í fjárlögum sem bitnar illa á smáum einingum (ostaskerahagfræði)

## Helstu tækifæri

**T**

- Samstarf skóla innan og utan svæðis
- Auknir valkostir í fjarnámi við skóla innanlands og utan
- Áhugi á hreyfi- og útivistarmenningu
- Þróun fjarheilbrigðisþjónustu





## MÆLANLEG MARKMIÐ

Tryggja öllum aðgengi að hágæða menntun, hækka menntunarstig, auka velferð og efla þannig mannauð og atvinnulíf.

1. Að lækka hlutfall þeirra sem einungis hafa grunnmenntun að landsmeðaltali
2. Að framhaldsmenntuðum á vinnumarkaði fjölgi um 15%
3. Að fjölga háskólamenntuðum um 5%
4. Auka hamingju Vestfirðinga um 5%





## TENGLI VIÐ FORGANGSMARKMIÐ RÍKISSTJÓRNARINNAR



- **4.3** Eigi síðar en árið 2030 verði öllum konum og körlum tryggður jafn aðgangur að góðu tækni-, starfs- og framhaldsnámi, þar á meðal á háskólastigi, á viðráðanlegu verði.
- **4.4** Eigi síðar en árið 2030 hafi ungmennum og fullorðnum með hagnýta kunnáttu fjölgað umtalsvert, þar á meðal á sviði tækni- og starfsmenntunar, til þess að geta gegnt viðeigandi störfum, fengið mannsæmandi vinnu og stundað frumkvöðlastarfsemi.
- **4.7** Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.
- **10.3** Tryggð verði jöfn tækifæri og dregið úr ójöfnuði, meðal annars með afnámi laga, breyttri stefnumótun og starfsháttum sem ala á mismunun, samhliða því að þrýsta á lagasetningu, stefnumótun og starfshætti sem styðja við markmiðið.
- **16.10** Almennigur hafi aðgengi að upplýsingum og grundvallarréttindi verði tryggð í samræmi við landslöggjöf og alþjóðasamninga.
- **17.17** Hvetja til skilvirkra samstarfsverkefna hjá hinu opinbera, milli opinbera geirans og einkaaðila og á meðal borgaranna og styðja við slík verkefni. Við framkvæmd þeirra verði byggt á reynslu af samstarfsverkefnum almennt og útsjónarsemi höfð í fyrirrími.


## ÁHERSLUR

1. Við viljum að innviðir svæðisins séu samkeppnishæfir við aðra landshluta.
2. Við viljum auka samstarf skóla á öllum stigum og móta sameiginlega menntastefnu.
3. Við viljum fjölga tækifærum til menntunar á öllum stigum.
4. Við viljum verja og efla skólastarf á framhaldsskóla- og háskólastigi.
5. Við viljum auka samstarf ólíkra skólastiga við atvinnulíf og rannsóknarstofnanir.
6. Við viljum auka áherslu á iðngreinar, starfsmenntun og verklega kennslu í grunn- og menntaskólum.
7. Við viljum þróa námskeið og námsleiðir á sviði stafrænnar getu.
8. Við viljum samþætta og endurskoða móttöku sveitarfélaga á nýjum íbúum.
9. Við viljum tryggja þátttöku yngri innflytjenda í íþrótt- og tómstundastarfi og áframhaldandi menntun eftir grunnskóla.
10. Við viljum stuðla að enn nánara samstarfi sveitarfélaga á Vestfjörðum.
11. Við viljum bæta heilsu íbúa með aukinni virkni og hreyfingu.
12. Við viljum stuðla að vexti fjölmenningsamfélags á Vestfjörðum.
13. Við viljum fylgjast með og styrkja stöðu erlendra íbúa á Vestfjörðum.





# UMHVERFI OG SKIPULAG



## Helstu styrkleikar

S

- Umhverfivottun sveitarfélaganna
- Fjórðungur lands á Vestfjörðum nýtur friðlýsingar eða hverfisverndar
- Áhugi íbúa á umhverfismálum
- Skilgreind svæði fyrir uppbyggingu áfangastaða í ferðapjónustu
- Viðast aðgengi að nægu hreinu vatni

## Helstu veikleikar

V

- Rafmagn framleitt með jarðefnaeldsneyti
- Ónóg eftirfylgni með umhverfisstefnum
- Misræmi í flokkunarmálum
- Ósjálfbærni í sorpmálum

## Helstu ógnanir

Ó

- Skortur á samstarfi í skipulagsmálum
- Skortur á eftirliti með atvinnustarfsemi í nærumhverfi
- Hæg uppbygging orkuskipta í samgöngum

## Helstu tækifæri

T

- Sjálfbær nýting lítt snortinna svæða
- Svigrúm til uppbyggingar sjálfberrar ferðapjónustu og matvælavinnslu
- Nýta svæðisskipulag sem verkfæri til framþróunar
- Sjálfbærir Vestfirðir



HVER GETUR OKKAR SÉRSTAÐA  
Í UMHVERFISMÁLUM VERIÐ?



## MÆLANLEG MARKMIÐ

Auka umhverfisvitund íbúa, sveitarfélaga og fyrirtækja, bæta aðgengi að sjálfbærum lausnum og draga úr sóun.

1. Að 90% stofnana sveitarfélaga með fleiri en 10 starfsmenn séu komin með fyrsta skrefið í verkefninu Græn skref sveitarfélaganna
2. Að dregið verði úr magni urðaðs sorps um 5%
3. Að fjölga hraðhleðslustöðvum um 200%



## TENGLI VIÐ FORGANGSMARKMIÐ RÍKISSTJÓRNARINNAR



- 6.3 Eigi síðar en árið 2030 verði vatnsgæði aukin með því að draga úr mengun, útiloka óáskillega sorplosun og lágmarka losun hættulegra efna og efnablandna. Hlutfall óunnins skólps og frárennslisvatns verði minnkað um helming og endurvinnsla og örugg endurnýting aukin til muna um heim allan.
- 6.6 Eigi síðar en árið 2020 verði unnið að úrræðum til að vernda og endurheimta vatnstengd vistkerfi, þ.m.t. fjalllendi, skóga, votlendi, ár, grunnvatnsból og vötn.
- 8.4 Fram til ársins 2030 verði nýting auðlinda til neyslu og framleiðslu bætt jafnt og þétt og leitast við að draga úr hagvexti sem gengur á náttúruna í samræmi við tíu ára rammaáætlun um sjálfbæra neyslu og framleiðslu, með hátekjuríkin í fararbroddi.
- 11.6 Eigi síðar en árið 2030 verði dregið úr skaðlegum umhverfisáhrifum í borgum, meðal annars með því að bæta loftgæði og meðhöndlun úrgangs.
- 12.2 Eigi síðar en árið 2030 verði markmiðum um sjálfbæra og skilvirka nýtingu náttúruauðlinda náð.
- 13.2 Ráðstafanir vegna loftslagsbreytinga verði að finna í landsáætlunum, stefnumótunum og skipulagi.
- 14.3 Unnið gegn súrnun sjávar og skaðlegum áhrifum haldið í skefjum, t.d. með því að efla vísindasamstarf á því sviði.
- 15.2 Eigi síðar en árið 2020 hafi tekist að efla sjálfbærni skóga af öllu tagi, stöðva skógareyðingu, endurheimta hnignandi skóga og auka verulega nýskógrækt og endurrækta skóga um allan heim.
- 15.5 Gripið verði til brýnna og nauðsynlegra aðgerða til að sporna við hnignun náttúrulegra búsvæða og líffræðilegrar fjölbreytni. Eigi síðar en árið 2020 verði gripið til aðgerða til að vernda tegundir í bráðri hættu og koma í veg fyrir útrýmingu þeirra.
- 15.8 Gripið verði til ráðstafana eigi síðar en árið 2020 til að koma í veg fyrir aðflutning ágengra, framandi tegunda og dregið verulega úr áhrifum þeirra á vistkerfi á landi og í vatni. Tegundunum efst á lista verði útrýmt eða útbreiðslu þeirra eða fjölgun stýrt.
- 15.9 Eigi síðar en árið 2020 verði tekið tillit til gildis vistkerfis og líffræðilegrar fjölbreytni við gerð lands- og svæðisáætlana og í öllu þróunarferli, skýrslugerðum og aðgerðum til að draga úr fátækt.

## ÁHERSLUR

1. Við viljum stuðla að auknu samtali sveitarfélaga og fyrirtækja um umhverfis- og loftslagsmál.
2. Við viljum áfram vera umhverfisvottuð árlega.
3. Við viljum stuðla að uppbyggilegri fræðslu um umhverfismál til ungs fólks.
4. Við viljum setja samræmda stefnu í úrgangsmálum.
5. Við viljum vinna svæðisskipulag með áherslu á sjálfbæra nýtingu auðlinda.
6. Við viljum hraða vinnu við orkuskipti í höfnum.
7. Við viljum vinna samgöngustefnu.
8. Við viljum bæta upplýsingagjöf um ábyrga neyslu og umhverfisvitund.
9. Við viljum stuðla að upplýstri umræðu um sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda og verndun umhverfis.
10. Við viljum skoða uppbyggingu þjóðskóga á Vestfjörðum í tengslum við aðra landnýtingu.
11. Við viljum bæta lýðheilsu með því að styðja sérstaklega umhverfisvæna ferðamáta eins og göngu og hjólreiðar.





# MENNING



## Helstu styrkleikar

**S**

- Fjölbreytt safnaflóra
- Sterkir tónlistaskólar
- Víða góðir tónlistarsalir og húsakostur til menningarstarfsemi
- Rótgrónar hátíðir sem setja svip á samfélagið
- Tengsl atvinnulífs og skapandi greina
- Góð reynsla af bæjarhátíðum

## Helstu veikleikar

**V**

- Fáir listamenn sem starfa við list sína allt árið
- Ungir listamenn flytja ekki aftur heim að loknu námi
- Lítið samstarf í menningarmálum
- Lítið samstarf við aðrar greinar
- Vanfjármögnuð menningarhús og hátíðir
- Lítið á menningu sem hobbý

## Helstu ógnanir

**Ó**

- Stafræn afþreying
- Menningu tekið sem sjálfsögðum hlut
- Fámenni

## Helstu tækifæri

**T**

- Samstarf atvinnulífs og menningar
- Aukið samstarf á milli svæða innan Vestfjarða
- Ferðamannleiðin Hringvegur 2
- Stafrænir flakkarar og stafræn tækni





## MÆLANLEG MARKMIÐ

Auka samvinnu um menningarviðburði, tryggja staðbundinn vettvang til lýðræðislegrar umræðu.

1. Að viðhorf íbúa til menningar verði 7 % jákvæðara
2. Að auka hlutdeild skapandi greina í atvinnulífinu um 5%
3. Gestafjöldi í vestfirsk söfn aukist um 8%



## TENGLI VIÐ FORGANGSMARKMIÐ RÍKISSTJÓRNARINNAR



- **4.7** Eigi síðar en árið 2030 verði tryggt að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar.
- **9.4** Eigi síðar en árið 2030 verði innviðir styrktir og atvinnugreinar endurskipulagðar til að gera þær sjálfbærar, nýting auðlinda verði skilvirkari og í auknum mæli innleiði hvert og eitt land tækni og umhverfissvæna verkferla eftir getu.

## ÁHERSLUR

1. Við viljum efla samstarf menningarstofnana.
2. Við viljum auka samstarf svæða og efla menningarstarf sem er ætlað öllum Vestfirðingum.
3. Við viljum efla listnám og hvetja þannig til þátttöku ungs fólks í menningarlífinu.
4. Við viljum auka tengsl og samvinnu menningar og atvinnulífs.
5. Við viljum efla og auðga menningarstarfsemi og fjölga tækifærum á sviði skapandi greina.
6. Við viljum styrkja rekstrargrundvöll og auka nýtingu félagsheimila og menningarhúsa.
7. Við viljum efla ímynd Vestfjarða sem áhugaverðs svæðis til listsköpunar.
8. Við viljum stuðla að uppbyggingu samfélagsmiðstöðva í hverri byggð.
9. Við viljum fjölga þeim sem hafa atvinnu sína af skapandi greinum.
10. Við viljum efla menningarlega fjölbreytni.
11. Við viljum auka þátttöku almennings í menningar- og félagsstarfi.




60-65%  
AF STÖRFUM  
BARNANNA  
OKKAR ERU  
ÓÞEKKT



## ATVINNA OG NÝSKÖPUN

| MARKMIÐ   | MÆLIKVARÐI                          | GRUNNGÖGN                                 |
|---|-------------------------------------|---|
| Að atvinnutekjur íbúa verði jafnar eða hærrí en landsmeðaltal         | Voru árið 2017 um 300 þ. undir LM   | Stöðugreining Byggðastofnunar 2019        |
| Að fjölga nýskráðum fyrirtækjum um 8%                                 | Úr 6 í 6.5 pr. 1000 íbúa            | Stöðugreining Byggðastofnunar 2019        |
| Að afkoma fyrirtækja á Vestfjörðum verði jöfn eða yfir landsmeðaltali | Er í 4,2 af 7. Landsmeðaltal er 4,7 | Deigla - Fyrirtækjakönnun landshluta 2018 |







## SAMFÉLAG

| MARKMIÐ  | MÆLIKVARÐI                              | GRUNNGÖGN                          |
|--|---|------------------------------------|
| Að lækka hlutfall þeirra sem einungis hafa grunnenntun um 12%                                  | 2018 – hlutfall kvenna 32% og karla 33% | Stöðugreining Byggðastofnunar 2019 |
| Að framhaldsmenntuðum á vinnu- markaði fjölgi um 15% (bóknám, starfsnám, iðnnám, raunfærnimat) | 2018 – konur 31% og karlar 52%          | Stöðugreining Byggðastofnunar 2019 |
| Að fjölga háskólamenntuðum um 5%   | 2018 – konur 37% og karlar 15%          | Stöðugreining Byggðastofnunar 2019 |
| Auka hamingju Vestfirðinga um 5%.  | 2018 – 7,9 stig                         | Deigla – Íbúakönnun 2018           |




Drögum úr  
SVARTSÝNI



Hvetjum til  
BJARTSÝNI

Breyting á  
ÞJÓNUSTU:

**HRAÐI**




## UMHVERFI OG SKIPULAG

| MARKMIÐ  | MÆLIKVARÐI                        | GRUNNGÖGN   |
|--|-----------------------------------|---|
| Að 90% stofnana sveitarfélaga með fleiri en 10 starfsmenn séu komin með fyrsta skref í verkefninu Græn skref sveitarfélaga | 2018 – hlutfall með skref 0 af 16 | Græn skref sveitarfélaganna 2019                            |
| Að dregið verði úr magni urðaðs sorps um 5%  | 2018– kg á íbúa og gesti 376,6    | Umhverfisvottaðir Vestfirðir 2019                           |
| Að fjölga hraðhleðslustöðvum um 200%   | 2019 – 5 stk.                     | Orkubú Vestfjarða – Hleðslustöðvar á Vestfjörðum 2019 ov.is |

**FINNUM LÆRDÖM & HVATNINGU  
Í VELGENGNI ANNARRA**





## MENNING


| MARKMIÐ   | MÆLIKVARÐI                                | GRUNNGÖGN                          |
|---|---|------------------------------------|
| Að auka hlutdeild skapandi greina í atvinnulífinu um 5% | 2018- 4,3%                                | Umhverfissvottaðir Vestfirðir 2019 |
| Gestafjöldi í vestfirskum söfnum aukist um 8%           | 2017 - 75.327<br>Ísl. 23.126 - Erl.52.201 | Hagstofan - 2017                   |

stefnumótandi  
SÓKNARÁÆTLUN  
 Vestfjarða = TÆKI TIL FRAMFARA  
FYRIR LANDSHLYTANN



## ATVINNA OG NÝSKÖPUN

Nýjar áherslur til ársins 2024




- Verkefni sem stuðla að hagnýtingu á stafrænni tækni í öllum atvinnugreinum.
- Verkefni sem stuðla að aukinni vöru- og tækniþróun með áherslu á að auka virði afurða.
- Verkefni sem fela í sér fjölbreytileika starfa, vöxt og framleiðni fyrirtækja.
- Verkefni sem vinna að því að fylgja eftir markmiðum og aðgerðum Áfangastaðaáætlunar Vestfjarða.
- Verkefni sem innleiða hönnun í framleiðslu fyrirtækja.
- Rannsóknir eða samstarfsverkefni sem stuðla að fjölgun hátæknifyrirtækja sem byggja á hliðargreinum frumframleiðslugreina.

Verkefni (umsóknir) geta uppfyllt eina eða fleiri áherslur sjóðsins. Vægi áherslna verður breytilegt milli ára.

Hversu vel verkefni eru talin uppfylla markmið og áherslur sjóðsins eru hluti af mati fagraðs við sérhverja úthlutun.





## MENNINGARSTYRKIR

Nýjar áherslur til ársins 2024

- Verkefni sem auka samstarfi milli menningarstofnana.
- Verkefni sem efla samstarfi milli svæða og efla almennt menningarstarf.
- Verkefni sem efla listnám og hvetja þannig til þátttöku ungs fólks í menningarlífinu.
- Verkefni sem efla tengsl og samvinnu menningar og atvinnulífs.
- Verkefni sem efla og auðga menningarstarfsemi og fjölga tækifærum á sviði skapandi greina.
- Verkefni sem styrkja rekstrargrundvöll og auka nýtingu félagsheimila og menningarhúsa.
- Viðburðir eða verkefni sem efla ímynd Vestfjarða sem áhugaverðs svæðis til listsköpunar.
- Viðburðir eða verkefni sem efla menningarlega fjölbreytni.
- Viðburðir eða verkefni sem auka þátttöku almennings í menningar- og félagsstarfi.

Verkefni (umsóknir) geta uppfyllt eina eða fleiri áherslur sjóðsins. Vægi áherslna verður breytilegt milli ára.

Hversu vel verkefni eru talin uppfylla markmið og áherslur sjóðsins eru hluti af mati fagraðs við sérhverja úthlutun.





## TILLÖGUR AÐ ÝMSUM VERKEFNUM SEM KOMU FRAM Á FUNDUM MEÐ ÍBÚUM OG ATVINNULÍFI

- Klasi skapandi greina – samskiptavettvangur atvinnulífs og menningar
- Listahátíð vestfirskra ungmenna
- Nýsköpunar- og samfélagsmiðstöðvar í alla byggðakjarna
- Hverjir búa á Vestfjörðum? – greining
- Hátíðir sem færast á milli sveitarfélaga
- Kortleggja þekkingu
- Námskeið í grunnskóla um umhverfismál
- Lifandi kynningarvettvangur menningar
- Svæðiskipulag
- Græn svæði fyrir íbúa til að rækta
- Námskeið í jákvæðri nálgun
- Iðngarðar
- Samræma sorpstefnu sveitarfélaga
- Rannsóknir varðandi orkumál- vindmyllur- sjávarföll- vetni
- Stafrænir flakkarar
- Listamannadvöl í hverri byggð
- Fjölga stöðum sem eru opnir á kvöldin
- Hrósg og jákvæðni áttak
- Listskreytingarsjóður
- Kynningardagur tómstunda- afþreyingar- og menningarfélaga
- Ísafjarðarstofa- menningarmiðstöð
- Heitir pottar í fjörur
- Áhersla á barnamenningu
- Veturnætur um alla Vestfirði
- Kolefnisbindingarskógur á Vestfirði
- Aftengingartúrismi
- Sláturhús á Vestfirði



